



Pistill starfsmanns KSH

Árið 2022 hefur verið afar viðburðaríkt hjá KSH og félögin okkar hafa blómstrað. Það hefur sérstaklega verið ánægjulegt að sjá starf KSF taka við sér en þar er nú öflugt starf og góð mæting. Hornsteinn starfsins er unga fólk okkar sem af eljusemi heldur úti metnaðarfullu starfi í hverri viku og skipuleggur mót og aðra viðburði. Starfið er þeirra og við sem fullorðin erum stöndum á hliðarlínunni, tilbúin til aðstoðar þegar á þarf að halda og höldum utan um praktísk mál.

Ég hef setið í stjórn KSH í mörg ár og verið formaður sl.2 ár. Nú stíg ég úr stjórn til þess að taka við sem starfsmaður hreyfingarinnar fram að næsta sumri þegar nýr starfsmaður verður ráðinn. Þennan tíma sem ég hef tekið þátt í stjórnarstarfi KSH hafa félögin gengið í

gegnum allskonar tímabil eins og gefur að skilja. Það sem breytist þó aldrei er umhyggja þeirra sem standa í stafni og óþreypandi dugnaður þegar kemur að því að skipuleggja og halda utan um starfið. Þessa umhyggju þekki ég vel því ég var sjálf virk í starfi KSS á mínum unglingsárum og á því félögunum margt að þakka og því er það heiður að hafa fengið að starfa fyrir félögin í gegnum KSH. Þó margt hafi breyst í félögunum frá því ég var þar sjálf sem KSS-ingur rétt fyrir aldamót þá er hjartað í starfinu það sama, hópur ungs fólks sem vill eiga kristið samfélag og finnur í félögunum athvarf.

Árið hefur verið KSH gæfuríkt og við horfum bjartsýn inn í nýtt ár sem vonandi færir okkur ný tækifæri félögunum til handa. Við hvetjum vini og velunnara

félaganna til að biðja fyrir starfinu í KSS og KSF, fyrir unga fólkinu sem gefur af tíma sínum til þess að efla og styrkja starfið. Einnig viljum við minna á gjafakerfið okkar þar sem hægt er að styrkja starfið með reglulegum greiðslum. Við sem vinnum á vettvangi KSH finnum fyrir því öflugra stuðningsneti sem þið eruð kærur vinir, ykkar bænir og stuðningur gera okkur kleift að halda úti metnaðarfullu og faglegu kristilegu starfi fyrir ungt fólk í KSS og KSF. Takk fyrir að láta ykkur KSH varða, það skiptir okkur öllu máli.

Rakel Brynjólfsdóttir
Starfsmaður KSH





KSF heldur úti öflugu og fjölbreyttu starfi og mikill vöxtur er í félaginu.

Líf og fjör í KSS og KSF

Félögin okkar, KSS og KSF blómstra þessa dagana og þar fer fram virkilega flott og vandað starf sem unga fólkið okkar heldur utan um af stakri þryði. KSS var með árlegt haustskólamót í Vatnaskógi dagana 14.-16.október þar sem rúmlega 60 unglingar komu saman. Yfirskrift mótsins var: Von í trúnni og fengu krakkarnir þar dýrmætt tækifæri til að eiga samfélag og fá fræðslu. Vikulegir fundir KSS hafa að sjálfsögðu einnig verið á sínum stað þar sem þau fá til sín ræðumenn og eftir fundi er metnaðarfull dagskrá sem stjórnin hefur haldið utan um. Heimapartý, Lazer-tag, Fimleikasalur og Gala fundur þar sem allir mættu í sínu fínasta þússi og Sr. Sigurður Grétar Sigurðsson lék á harmonikku undir dansi við mikla gleði. Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands var nýlega ræðumaður í KSS og færði KSS eintak af nýju sálmaþókinni ásamt því að sitja í dómnefnd í kökukeppni sem haldin var eftir fundinn.

KSF hefur svo sannarlega náð sér á strik eftir örlitla lægð síðustu ár. Félagið heldur reglulega fundi á Holtaveginum ásamt því að standa fyrir ýmsum uppákomum þess á milli. Í haust hefur félagið m.a verið með vöflubakstur, brjóstsykursgerð, hæfileikakeppni, félagsvist og þannig mætti lengi telja. Það er svo sannarlega gleðiefni að sjá hversu mikið líf er komið í KSF og í raun er þetta sannkallað bænasvar þar sem við í KSH höfum svo sannarlega beðið fyrir félaginu reglulega og við vitum að vinir og velunnarar okkar hafa gert það sama. Snemma á nýju ári verður svo stúdentamót í Ölveri.

Það er okkar að styðja og hvetja þessi flottu og efnilegu ungmenni sem halda úti starfi KSS og KSF. Þeirra framlag er dýrmætt og viljum við hvetja ykkur öll til að minnst þeirra í bænum ykkar kæru vinir.





Okkar er ábyrgðin að hvetja og styrkja unga fólkið í KSS og KSF og muna eftir þeim í bænum okkar.

Starfsmannabreytingar

Sr. Sigurður Már Hannesson lauk störfum fyrir KSH núna í lok sumar og tók þá við embætti prests í Seljakirkju. Við hjá KSH þökkum Sigurði fyrir einstaklega gott samstarf sl.ár og óskum honum velfarnaðar á nýjum vettvangi. Rakel Brynjólfsdóttir hefur verið formaður stjórnar KSH sl.ár en kemur nú tímabundið inn sem starfsmaður út maí 2023. Rakel hefur því stigið út úr stjórn og Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson sinnir formennsku út stjórnarárið.



Nýr eldri fulltrúi KSS

Nú í haust kom Hreinn Pálsson inn sem eldri fulltrúi KSS. Hreinn Pálsson er kennaranemi við HÍ og starfsmaður KFUM og KFUK. Hlutverk eldri fulltrúa er að vera stjórn KSS innan handar þegar á þarf að halda og sitja reglulega á stjórnarfundum. Eldri fulltrúi heldur einnig utan um öldungahóp KSH ásamt starfsmanni. Eldri fulltrúi er áheyrnarfulltrúi í stjórn KSH.

GJAFAKERFI KSH

KSH hefur engar fastar tekjur og treystir á framlög velunnara félagsins og styrki frá prófastsdæmum og Kirkjumálasjóði. Nú þegar er hópur fólks sem gefur reglulega til hreyfingarinnar í gegnum gjafakerfið okkar. Ef þú ert ekki nú þegar í gjafakerfinu langar okkur að hvetja þig til þess að taka þátt, ekkert framlag er of smátt því allt safnast þetta saman félögunum okkar til góðs. Hafir þú tök á því að styðja við starf KSH með reglulegum greiðslum er einfaldast að fylla út eyðublað á heimasíðu KSH eða hafa samband við starfsmann í gegnum netfangið raketel@ksh.is. Hægt er að velja á milli þess að greiða með kreditkortu eða greiðsluseðli. Margir valkostir eru í boði hvað varðar tíðni gjafa. Einnig getur þú sjálf/ur stillt endurtekna millifærslur til KSH á þínu svæði í heimabankanum.

Reikningur KSH: 0117-26-119105 **Kennitala:** 510479-0259

Ykkar stuðningur skiptir öllu máli fyrir félögin

Tengill og póstlisti

KSH gefur út Tengil tvisvar sinnum á ári, að hausti og að vori. Hægt er að velja það að fá Tengil í bréfaþósti eða tölvuþósti. Skráning á póstlistann er inni á heimasíðu KSH. Ef þú vilt breyta núverandi skráningu eða skrá þig af póstlistanum er það gert á sama stað.



KSS býður upp á vikulega fundi með hefðbundinni dagskrá. Eftir fundi eru skemmtilegar uppákomur á borð við gala fund, Lazer-tag og fl.

Jólatónleikar KSS og KSF – 19. desember kl.20.00

Síðastliðin ár hafa félögin okkar staðið fyrir jólatónleikum í desember. Tónleikarnir í ár verða þann 19. desember kl. 20.00 að Holtavegi 28. Þetta frábæra framtak unga fólksins hefur svo sannarlega fest sig í sessi í hugum félagsmanna og er svo komið að margir telja þetta vera órjúfanlegan hluta af aðventunni. Síðastliðin tvö ár hefur tónleikunum verið streymt á netinu sökum samkomutakmarkana sem þá voru í gildi. Í ár er mikil tilhlökkun og þakklæti þar sem við förum á fullt að undirbúa glæsilega dagskrá á Holtaveginum. Öll skipulagning, tónlistarflutningur og utanumhald er í höndum félagsmanna. Í KSS og KSF búa miklir hæfileikar og hefur það verið virkilega dýrmætt að fá að fylgjast með sl.ár og sjá unga fólk okkar á sviðinu. Dagskráin er afar metnaðarfull nú sem endranær og um að gera að koma við og fá jólastemninguna bein

Almennt miðaverð á jólatónleikana er 3000 kr. Fyrir gesti yngri en 15 ára sem og KSS/KSF-inga er miðaverð 2500 kr. Frítt er fyrir 6 ára og yngri. Innifalið í miðaverði eru léttar kaffiveitingar að tónleikum loknum. Allur ágóði tónleikanna renna beint í starf félaganna. Við hvetjum sem flesta til að taka kvöldið frá og njóta þess að hlusta á ljúfa jólatóna.



Þorláksmessustund 2022



Þorláksmessustund þarf vart að kynna fyrir ykkur sem fáið þetta fréttabréf. Óhætt er að segja að stundin marki í raun upphaf jólahátíðarinnar í hugum margra félagsmanna. Síðastliðin 2 ár hefur stundinni verið streymt á netinu þar sem ekki var hægt að hittast í Friðrikskapellu sökum takmarkana í samfélaginu. Undirbúningur fyrir stundina í ár er hafinn og verður hefðbundin dagskrá.

Stundin er í Friðrikskapellu á Þorláksmessukvöld, 23. desember kl. 23.30.